



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2019

R16110082

5240

Borgarráð

Samkomulag um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna

Lagt er fram til kynningar samkomulag Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæ, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu dags. 14. júní 2019.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, dags. 14. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.



**SAMKOMULAG UM
SAMSTARF UM TÆKNILEGAN OG FJÁRHAGSLEGAN UNDIRBÚNING
AÐ LAGNINGU HÁGÆÐA ALMENNINGSAMGANGNA
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU (BORGARLÍNA)**

Með vísun til gildandi svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið gera sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes með sér eftirfarandi samkomulag um:

tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning 2019 – 2020 vegna lagningar Borgarlínu.

1. Almenn

Samkomulag þetta byggir á eftirfarandi:

- a) Núgildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins frá 29. júní 2015 með breytingu frá 25. maí 2018 vegna ætlaðrar legu Borgarlínu í skipulagi sveitarfélaganna.
- b) Ákvæða í samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023 um fjárframlög ríkisins til undirbúnings að lagningu Borgarlínu með skilyrði um að ofangreind sveitarfélög leggi fram tilsvarende fjárhæðir til verkefnisins.
- c) Tillögu stjórnar SSH til sveitarfélaganna frá 04.03.2019 um aðkomu og samstarf sveitarfélaganna að verkefninu.

2. Markmið samkomulagsins

Markmið samkomulags þessa er að skilgreina aðkomu sveitarfélaganna að samstarfi við ríkið um nauðsynlegan tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning vegna lagningar Borgarlínu.

Gert er ráð fyrir að á árunum 2019 og 2020 verði varið allt að 1.600 millj. kr í nauðsynlega undirbúningsvinnu, þ.e. forhönnun, skipulagsvinnu og gerð útboðsgagna vegna fyrsta áfanga verkefnisins.

Samhliða verður unnið að útfærslu á fjármögnun uppbyggingar Borgarlínu og samkomulagi um skiptingu stofnkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaganna.

3. Fjárframlög

Sveitarfélögin samþykkja að leggja í sameiningu til fjármagn á árinu 2019 og 2020 til jafns á við framlag ríkisins vegna tæknilegs og fjárhagslegs undirbúnings verkefnisins, allt að 800 millj. kr króna á árinu 2019 og 2020. Innbyrðis skipting sveitarfélaganna vegna þessu verður eins og fram kemur í fylgiskjali 3.

G.ín!



4. Verkefnisstjórn og umsýsla

Verkefnið verður unnið sameiginlega af Vegagerðinni og framangreindum sveitarfélögum. Sveitarfélögin samþykkja að fjárhagsleg umsýsla verkefnisins og verkefnisstjórn verði falið skrifstofu Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli samþykktar stjórnar samtakanna frá 04.03.2019.

Sveitarfélögin samþykkja enn fremur að samhliða þessu samkomulagi verði gerður og undirritaður sérstakur samstarfssamningur við Vegagerðina í samræmi við framangreinda samþykkt stjórnar SSH.

5. Fyrirvari

Fyrirvari er gerður á framlagi sveitarfélaganna á móti ríkinu sem nemur 500 millj. kr og varðar 2. áfanga undirbúnings (verkhönnun útboð) náist ekki samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033. Sjá skiptingu verkefna í fylgiskjali 2.

Verði ekki af ofangreindu samkomulagi verður kostnaðarskiptingin milli sveitarfélaganna eins og sjá má í fylgiskjali 5.

6. Önnur ákvæði

Sveitarfélögin eru sammála um að samhliða flýtingu á öðrum áfanga Borgarlínuframkvæmda að Keldum verði unnið að áframhaldandi tengingu í gegnum Blikastaðaland til Mosfellsbæjar.

Meðfylgjandi og hluti af samningi þessum:

- | | |
|--------------|--|
| Fylgiskjal 1 | Frumkostnaðaráætlun og verkefnisáætlun fyrra hluta verkefnis. |
| Fylgiskjal 2 | Yfirlitsáætlun þeirra verkefna sem samningurinn nær til. |
| Fylgiskjal 3 | Innbyrðis skipting sveitarfélaganna ásamt greiðsluáætlun. |
| Fylgiskjal 4 | Stjórnskipulag verkefnis. |
| Fylgiskjal 5 | Kostnaðarskipting sveitarfélaganna m.v. 300 millj. kr mótframlag sveitarfélaganna. |

Undirritun og gildistaka

Samningur þessi gildir frá 14. júní 2019 til 31. desember 2020.

Kópavogi 14. júní 2019

Reykjavík

Hafnarfjörður

Mosfellsbær

Kópavogur

Garðabær


Seltjarnarnesbær

Frumkostnaðaráætlun

Fylgiskjal 1


Verkbættir	bús. kr.
Undirbúningur	9.000
Útboðsstefna	2.000
Umferðargreiningar	60.000
Forhönnun / Clarificaton	163.100
Umhverfismat	34.500
Leiðarkerfi	2.000
Afangaskipting framkvæmda	5.000
Skipulagsgerð	30.000
Stoðráðgjafi	20.000
Almannatengsl og samskipti	25.000
Verkefnateymi (Innri vinna og aðstaða)	110.000
Umsýsla	5.400
Ófyrirséð	136.000

Samtals 600.000




Verkefnisáætlun

Drag að tímasetning fyrir framhúsnun Borgarfirni



Fylgiskjal 2



Fylgiskjal 3

Kostnaðarskipting miðað við íbúafjölda sveitarfélaga 1. jan 2019.


	Íbúar	Hlutfall %	Framlag Þús. Kr
Reykjavík	128.793	56,5%	452.276
Kópavogur	36.795	16,2%	129.211
Seltjarnarnes	4.664	2,0%	16.378
Garðabær	16.299	7,2%	57.236
Hafnarfjörður	29.799	13,1%	104.644
Mostellsbær	11.463	5,0%	40.254
Samtals	227.813	100,0%	800.000

Gjaldahlitð verkefna (áætlun).	2019				2020				2019	2020	Samtals	
	2. fj. 2019	3. fj. 2019	4. fj. 2019	1. fj. 2020	2. fj. 2020	3. fj. 2020	4. fj. 2020	Samtals				
1. áfangi undirbúnings	- 600.000	- 82.216	- 90.644	- 119.240	- 119.599	- 116.375	- 37.432	- 34.494	- 600.000	- 292.100	- 307.900	- 600.000
2. áfangi undirbúnings	- 1.000.000	- 82.216	- 90.644	- 119.240	- 119.599	- 333.000	- 333.000	- 334.000	- 1.000.000	-	- 1.000.000	- 1.000.000
Samtals	- 1.600.000	- 82.216	- 90.644	- 119.240	- 119.599	- 449.375	- 370.432	- 368.494	- 1.600.000	- 292.100	- 1.307.900	- 1.600.000
Tekjuhlitð verkefna												
Vegagerðin	800.000	41.108	45.322	59.620	59.800	224.688	185.216	184.247	800.000	146.050	653.950	800.000
Sveitarfélagin	800.000	41.108	45.322	59.620	59.800	224.688	185.216	184.247	800.000	146.050	653.950	800.000
Samtals	1.600.000	82.216	90.644	119.240	119.599	449.375	370.432	368.494	1.600.000	292.100	1.307.900	1.600.000
Kostnaðarskipting milli sveitarfélaganna												
Reykjavík	452.276	37.775	41.989	56.287	105.409	105.409	105.409	105.409	452.276	136.050	316.226	452.276
Kópavogur	129.211	3.333	3.333	3.333	36.290	29.915	29.758	129.211	129.211	10.000	119.211	129.211
Seltjarnarnes	16.378				6.220	3.740	3.679	16.378	16.378	-	16.378	16.378
Garðabær	57.236				2.740	9.574	12.856	57.236	57.236	-	57.236	57.236
Hafnarfjörður	104.644				17.504	39.742	23.504	104.644	104.644	-	104.644	104.644
Mostellsbær	40.254				6.734	15.288	9.041	40.254	40.254	-	40.254	40.254
Samtals	800.000	41.108	45.322	59.620	59.800	224.688	185.216	184.247	800.000	146.050	653.950	800.000
						Greiðsluáætlun						
						105.409	105.409	105.409	452.276			

Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu til 2033

Undirbúningur Borgarlínufrankvæmda

Fylgiskjal 4



Fylgiskjal 5

	Íbúar	Hlutfall	Framlag
	Fjöldi	%	Þús. Kr
Reykjavík	128.793	56,5%	169.604
Kópavogur	36.795	16,2%	48.454
Seltjarnarnes	4.664	2,0%	6.142
Garðabær	16.299	7,2%	21.464
Hafnarfjörður	29.799	13,1%	39.241
Mosfellsbær	11.463	5,0%	15.095
Samtals	227.813	100,0%	300.000



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

MINNISBLAÐ

TIL: SVEITARFÉLAGA INNAN SSH

FRÁ: STJÓRN SSH

EFNI: UPPBYGGING SAMGANGNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU –
SAMNINGAR VEGNA UNDIRBÚNINGIS.

DAGS: 6. MAÍ 2019

Vísað er m.a. til stjórnafundar SSH frá 4. mars og 8.apríl sl., sem og kynningarfundar 12.apríl sl. sem haldinn var með kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna innan SSH ásamt Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Vegamálastjóra.

Eftirfarandi liggur fyrir:

- Hafnar eru viðræður um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 sem fara fram í umboði þriggja ráðherra, forsætis-, samgöngu- og fjármálaráðherra og stjórn Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Stýrihópurinn er skipaður af ráðherrunum þremur, formanni og varaformanni stjórnar SSH og borgarstjóra Reykjavíkur. Stýrihópurinn mun vinna tillögur út frá fyrirliggjandi hugmyndum um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og skýrslu viðræðuhóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) frá árinu 2018 um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri skýrslu er að finna samkomulag um tillögu að framkvæmdum á stofnvegum, innviðum Borgarlínu og hjólreiða til næstu 15 ára.

Markmið viðræðnanna er að móta sameiginlega sýn um fjármögnun 102 milljarða fjárfestingaráætlunar í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Stýrihópnum er ætlað að leggja fram beinar tillögur um fjármögnun einstakra framkvæmda og verkefna ásamt verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Með stýrihópnum starfar starfshópur sem er skipaður einum sérfræðingi hver frá forsætisráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skipa þrjá fulltrúa. Hlutverk starfshópsins er að fjalla um mismunandi leiðir, valkosti og lausnir

viðræðunum, vinna drög að samningi og nauðsynlegri umgjörð um verkefnið til framtíðar sem lagðar verði fyrir aðila verkefnisins til samþykktar.

- Í fimm ára samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Vegagerðin verji 300 millj. kr í undirbúningsvinnu vegna Borgarlínu árið 2019, og 500 millj. kr á árinu 2020. Áskilið er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggi tilsvarendi fjármuni til verkefnisins.
- Reykjavíkurborg hefur ætlað 200 millj. kr til verkefnisins á þessu ári og Vegagerðin er nú þegar byrjuð að vinna að undirbúningi á grundvelli framangreindra fjármuna ríkisins. Reykjavíkurborg er sömuleiðis byrjuð á vinnu á sínum vettvangi og Kópavogsbær að undirbúa framkvæmdir vegna brúar yfir Fossvog.

Í ofangreindu felst að sveitarfélögin þurfa nú að koma að ofangreindum verkefnum m.a. með **gerð tveggja samninga** til að ná utan um aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu:

- 1) Samning milli sveitarfélaganna þar sem þau skuldbinda sig til að mæta framlagi ríkissjóðs til undirbúningsverkefna vegna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020 og samkomulagi um innbyrðis skiptingu framlaganna.
- 2) Samnings milli SSH f.h. sveitarfélaganna annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020). Horft er til þess að skrifstofu SSH annist verkefnalega og fjárhagsleg umsjón verkefnisins, og verkefnastjórn verði í höndum núverandi svæðisskipulagsstjóra.

Aðsetur verkefnisins verður hjá SSH og á kennitölu samtakanna. Aðstandendur samningsins mynda sameiginlegan verkefnasjóð sem hýstur er hjá SSH. Verkefnasjóðurinn mun standa straum að öllum kostnaði sem fellur til þ.m.t. launakostnaði núverandi starfsmanna aðstandenda sem koma að verkefninu, aðkeypta ráðgjöf og aðstöðusköpun.

Fyrirvari er gerður á hluta framlags sveitarfélaganna (500 millj. kr) er varðar 2. áfanga undirbúnings (verkhönnun, útboð), náist ekki samkomulag milli ríkis og sveitarfélaganna um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033.

f.h.stjórnar SSH



Páll Björgvin Guðmundsson

framkvæmdastjóri SSH



STJÓRN SSH 468. fundur

Mánudaginn 4. mars 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Karl M. Kristjánsson.
Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri hjá Strætó bs., mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og gerði grein fyrir undirbúningi vegna nýs útboðs fyrir sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Annars vegar var farið yfir meginþætti væntanlegs útboðs, s.s. bílafloa og gæðakröfur, tímallengd útboðs og almennt útboðsforsendur. Hins vegar fór hann yfir skoðun á mismunandi útfærslum á kostnaðarskiptingu vegna notkunar sveitarfélaganna á akstursþjónustunni. Fram kom að fjármálastjórar sveitarfélaganna hafa að undanfögnu rýnt þessar útfærslur og eiga eftir að funda frekar vegna málsins.

Umræður

Niðurstaða:

Ákveðið að biða með frekari umræðu um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna þar til fyrir liggur niðurstaða eftir fyrirhugaðan fund þeirra með Strætó bs. um málið 6. mars nk.

2. Ársreikningur SSH fyrir árið 2018

Fyrir fundinum lá endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2018, ásamt áritun KPMG endurskoðunar og kjörinna skoðunarmanna.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri staðfestu reikninginn með áritun sinni á fundinum.

3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1903002

a) Viðræður við ríkið vegna heildaraðgerða til úrbóta í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins.

Eftirfarandi liggur fyrir:

Niðurstöður stýrihóps SRN, SSH og Vegagerðarinnar og verkefnahóps með mati á nauðsynlegum aðgerðum til úrbóta í samgöngumálum innan þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjárförf er metin allt að 95 milljarðar króna. Af þeirri upphæð er gert ráð fyrir um 42 milljörðum til eflingar almenningsamgangna með uppbyggingu Borgarlínu og tengdum verkefnum. Til endurbóta og styrkingar á stofnbrautum, stofnstíga og verkefna sem ekki tengjast eflingu almenningsamgangna þarf að verja allt að 53 milljörðum króna.

Fjármögnun þessara verkefna og framgangur þeirra er líklegast stærsta sameiginlega hagsmunamál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og lykilatriði í að sameiginlegt markmið um þróun byggðar og styrking samkeppnishæfni svæðisins gangi eftir.



Í þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023 segir m.a:

„Unnið verði að samningi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu þar sem lögð verði áhersla á nauðsynlegar úrbætur í núverandi almenningssamgöngum, uppbyggingu og rekstur hágæða almenningssamgangna, úrbætur á stofnvegum og gerð hjóla- og göngustíga.“

Í ljós ofangreint telur stjórn SSH brýnt að nú þegar verði farið að vinna í samræmi við fyrirbyggjandi niðurstöður stýrihóps SRN, SSH og Vegagerðarinnar og framangreinds ákvæðis í þingsályktunartillaögu um samgönguáætlun 2019–2023, og samþykkir að skipa stjórnarformann SSH og borgarstjóra Reykjavíkur til að hefja undirbúning að samtali við samgönguráðuneyti og fjármálaráðuneyti vegna þessa verkefnis.

b) Tæknilegur og fjárhagslegur undirbúningur að lagningu Borgarlínu.

Eftirfarandi liggur fyrir:

- Í samgönguáætlun 2019–2023 er búið að skilgreina fyrsta áfanga Borgarlína frá Hamraborg yfir Fossvog um miðborg að Hlemmi yfir Elliðavog að Ártúnshöfða. Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga er 16,3 milljarðar króna.
- Í fimm ára samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Vegagerðin verji 300 m. króna í undirbúningsvinnu vegna Borgarlínu árið 2019, og 500 m. króna á árinu 2020. Áskilið er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggi tilsvarende fjármuni til verkefnisins.
- Reykjavíkurborg hefur ætlað 200 m. króna til verkefnisins á þessu ári og Vegagerðin er nú þegar byrjuð að vinna að undirbúningi á grundvelli framangreindra fjármuna ríkisins. Reykjavíkurborg er sömuleiðis byrjuð á vinnu á sínum vettvangi. Kópavogsbær er einnig að undirbúa framkvæmdir vegna brúar yfir Fossvog.

Í ofangreindu felst að sveitarfélögin þurfa nú að koma að ofangreindum verkefnum. Stjórn SSH samþykkir því að hafin verði vinna við gerð tveggja samninga til að ná utan um aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu:

b1) Samnings / samkomulags á milli sveitarfélaganna þar sem þau skuldbinda sig til að mæta framlagi ríkissjóðs til undirbúningsverkefna vegna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020 og samkomulagi um innbyrðis skiptingu framlaganna.

b2) Samnings milli SSH f.h. sveitarfélaganna annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020). Horft verði til þess að skrifstofu SSH verði falið að annast verkefnalega og fjárhagsleg umsjón verkefnisins, og verkefnastjórn verði í höndum núverandi svæðisskipulagsstjóra.

Verkefninu verði settur skýr rammi (stjórnskipulag) sem aðilar samningsins samþykkja. Stjórnskipulagið mun skilgreina ábyrgð, hlutverk mismunandi aðila og ferla ákvarðanatöku.

Lagt verði til að verkefnið verði vistað hjá SSH og á kennitölu samtakanna. Aðstandendur samningsins myndi sameiginlegan verkefnasjóð sem hýstur verði hjá SSH. Verkefnasjóðurinn mun standa straum að öllum kostnaði sem fellur til þ.m.t. launakostnaði núverandi starfsmanna, aðstandenda sem koma að verkefninu, aðkeypta ráðgjöf og aðstöðusköpun.

4. Sóknaráætlun /málsnr. 1811005

Fyrir lá tillaga að 5 sérgreindum verkefnum til vinnslu undir hatti sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins á árinu 2019, sem er síðasta ár núgildandi samnings um sóknaráætlanir landshluta. Alls er gert ráð fyrir um 25 m. króna framlagi ríkisins til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins á þessu ári.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu og að þær verði sendar stýrihópi sóknaráætlana landshluta.



5. Önnur mál

- a) **Tillaga að samþykkt um skilti í Reykjavík /málsnr. 1812001**
Samþykkt að kallað verði til sameiginlegs fundar þeirra starfsmanna sveitarfélaganna sem fara með málefnið til að samræma viðhorf og afstöðu eftir því sem kostur er.
- b) **Samstarf um uppbyggingu á sérskóla á grunnskólastigi /málsnr. 1903001**
Ásgerður Halldórsdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu:
„Legg til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skoði frekari samstarf um uppbyggingu á sérskóla á grunnskólastigi sbr. Klettaskóla.
Einnig að skoðað verði samstarf um þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda og langvarandi stuðningsþarfir með því að byggja heimili í samvinnu á höfuðborgarsvæðinu, fyrir börn með mikla þroska og geðraskanir.“

Samþykkt að vísa tillögunni til skólamálanefndar SSH til frekari skoðunar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00



STJÓRN SSH 470. fundur

Mánudaginn 6. maí 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Gunnar Einarsson.
Fjarverandi: Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson (lið 1) og Páll Björgvin Guðmundsson sem ritaði fundargerð (lið 2-7).

1. Málafni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

a) Uppbygging skíðasvæðanna – staða mála eftir úrskurð Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda og framhald máls

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlíð Ómar Einarsson forstöðumaður ÍTR, Einar Kristján Stefánsson frá VSÓ og Páll Guðjónsson úr verkefnahópi uppbyggingar skíðasvæðanna.

Fyrir lágu eftirtalin gögn:

- Minnisblað frá verkefnahópnum og tillaga um framhald máls.
- Úrskurður Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda vegna uppbyggingar og endurnýjun á lyftubúnaði skíðasvæða og snjóframleiðslu í Bláfjöllum dags 26. apríl 2019.

PG fór yfir meginatriði máls og þá tillögu sem verkefnahópurinn setur fram um úrvinnslu máls héðan í frá. Ljóst er að bið eftir úrskurði Skipulagsstofnunar hefur leitt af sér seinkum sem verður til þess að ekki verður unnt að framkvæma þá verkþætti sem til stóð að vinna að á þessu ári. Tillaga verkefnahópsins felur í sér að gengið verði frá útboðsgögnum á nýjum forsendum með það að leiðarljósi að útboð fari fram í júnímánuði, og verkþáttum verði raðað þannig að fyrirhuguðum framkvæmdum ljúki engu að síður á árinu 2024.

Ómar Einarsson og Einar Kristján Stefánsson véku af fundi.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH, eigendavettvangur skíðasvæðanna, felur verkefnahópnum að ljúka undirbúningsvinnu vegna útboðsins á grundvelli tillögu hópsins þannig að fullbúin gögn verði lögð fyrir eigendavettvanginn á næsta stjórnarfundum SSH. Í þeirri vinnu verði m.a. farið ítarlega yfir hvort meginforsendur kostnaðaráætlana og annarra lykilþátta hafi breyst frá því samningur sveitarfélaganna um uppbygginguna var gerður í maí 2017. Sömuleiðis liggi þá fyrir hvaða áhrif breytingar sem í ljós kunna að koma hafa á forsendur um fjárframlög og greiðsluflæði verkefnisins.

b) Rekstur skíðasvæðanna og reikningskil

Ármann Kr. Ólafsson vakti máls á framsetningu ársuppgjörs vegna reksturs skíðasvæðanna fyrir árið 2018 og benti á að hún væri ekki í samræmi við hefðbundin reikningskil.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH er sammála um að bæta þurfi úr framsetningu reikningskilanna, og óska eftir því að forstöðumaður ÍTR sjá til þess að úr því verði bætt.

Páll Guðjónsson vék af fundi



2. Málefni kjarasamninga

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Inga Rún Ólafsdóttir frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Harpa Ólafsdóttir frá Reykjavíkurborg til að fara yfir og ræða málefni kjarasamninga sveitarfélaganna við viðsejendur.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn SSH mun áfram fylgjast vel með gangi mála og fá frekari upplýsingar og heimsóknir á stjórnarfundi SSH vegna málefna og stöðu kjarasamninga.

Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir og taka saman upplýsingar frá aðildarsveitarfélögunum um þróun tekna sveitarfélaganna á fyrstu 4-5 mánuðum ársins 2019.

3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1903002

Með vísan til stjórnarfundar 4. mars og 8. apríl 2019 eru lagðir fram samningar til samþykktar vegna undirbúningsverkefna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020. Annars vegar samning milli sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu) og hins vegar Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020).

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

- Drög að samningi milli sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu).
- Drög að samningi SSH og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning og lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (2020).
- Drög að minnisblaði til aðildarsveitarfélaga SSH um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu – samningar vegna undirbúnings.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að undirrita samning SSH og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning og lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (2020) með fyrirvara um samþykkt aðildarsveitarfélaganna á samkomulagi þeirra í milli um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu).

Stjórn samþykkir samkomulag um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu) með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaganna. Er framkvæmdastjóra falið að senda samninginn til aðildarsveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir með kynningu í borgarráði og bæjarráðum, verði eftir því óskað.



4. Skipan í stjórn Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Niðurstaða fundar

Stjórn tilnefndir Pál Björgvin Guðmundsson sem stjórnarmann í stjórn Fjölsmiðjunnar í stað Páls Guðjónssonar fyrrverandi framkvæmdastjóra SSH.

5. Fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 / málsnr. 1905001

Fyrir liggur þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024. Fjárlaganefnd Alþingis hefur sent SSH ályktunina til umsagnar.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu að umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 í samráði við stjórn. Þá er Ármanni Kr. Ólafssyni og Páli Björgvini falið að mæta á fund fjárlaganefndar til að fjalla um umsögn SSH.

6. Dreifibréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Farið yfir efni dreifibréfs Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá 18. mars 2019 en þar er fjallað um almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga sé í samræmi við lög og reglur.

Umræður.

Niðurstaða:

Lagt fram og kynnt.

7. Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk / málsnr. 1711002

Lögð fram til kynningar fundargerð 1. fundar vinnuhóps um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

Niðurstaða:

Lagt fram og kynnt.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

AFRIT



Samningur

Vegagerðin, kt. 680269-2899 og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, (SSH), kt. 681077-0819, gera með sér eftirfarandi samning um samstarf við tæknilegan undirbúning fyrstu borgarlínuframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu.

1.gr.

Forsaga

Vegagerðin og SSH hafa átt samstarf um þróun Borgarlínu og annarra samgöngukerfa á grundvelli samkomulag frá 17. apríl 2015. Afurð þess samstarfs er tekin saman í tillögum verkefnahóps Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og SSH sem birtar voru í lok nóvember 2018 og skiluðu sér í samgönguáætlun 2019 - 2023.

Í fimm ára samgönguáætlun er gert ráð fyrir SSH og Vegagerðin skipti með sér kostnaði vegna undirbúningsvinnunar. Þannig hefur Vegagerðin svigrúm til að verja allt að 300 millj. kr í undirbúningsvinnu vegna Borgarlínu árið 2019, og 500 millj.kr á árinu 2020. Áskilið er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggi tilsvarendi fjármuni til verkefnisins. Sveitarfélögin hafa skuldbundið sig til þess með sérstöku samkomulagi dags 14.júní 2019.

2.gr.

Markmið

Markmið samkomulagsins er að setja af stað verkefni um að tryggja farsælan undirbúning fyrstu framkvæmda Borgarlínu. Í því felst að ljúka forhönnun, aðlögun leiðakerfis, skipulagsvinnu og gerð umhverfismats þannig að hægt verði að hefja 2. áfanga undirbúnings þ.e. verkhönnun og gerð útboðsgagna.

3.gr.

Umfang

Áætlað er að skipulagi, frumdrögum, forhönnun og umhverfismati verði að mestu lokið um mitt ár 2020 og verja þurfi 600 millj. kr. til að leiða það til lykta. Sjá nánar fylgiskjal 1 og 2.

Samhliða að unnið sé að undirbúningi mun ríki og sveitarfélög vinna að nauðsynlegum fjárhagslegum undirbúningi fyrir framkvæmdir sbr. ákvæði í samgönguáætlun 2019-2023.

4.gr.

Skilyrður SSH

SSH mun annast annast verkefnalega og fjárhagslega umsjón verkefnisins. SSH mun leggja verkefninu til starfsaðstöðu og nauðsynlega stoðþjónustu sem snertir fjársýslu, bókhald og skjalavistun.

Verkefni SSH er eftirfarandi:

1. Dagleg verkefnastjórnun og umsýsla vegna verkefnateymis og aðkeyptar ráðgjafar.
2. Mánaðarleg framvinduylýsing m.t.t. fyrirliggjandi verk- og tímaáætlun.
3. Reglulegt reikningshald og endurskoðað uppgjör verkefnisins.
4. Skjölun og vistun verkefnisgagna.
5. Utanumhald á heimasíðu verkefnisins.

Verkefnastjórnun skv. samningi þessum sem innt er af hendi af hálfu SSH skal vera í höndum svæðisskipulagsstjóra SSH.

SSH skal, mánaðarlega, gefa út reikning miðað við verkefnisáætlun og framvindu verkefnisins. Fyrir liggur í fylgiskjali 3 greiðsluáætlun til viðmiðunar eins og hún liggur fyrir við undirritun samnings.

5. gr.

Skyldur Vegagerðarinnar

Vegagerðin skal greiða sinn hluta af kostnaði miðað við verkefnaáætlun og framvindu. Greiða skal fyrir vinnuna mánaðarlega á grundvelli útgefins reiknings og skal greiðsla innt af hendi innan 5 daga. Öllum reikningum skulu fylgja afrit af reikningum og tímaskýrslur verkefnateymis.

1. Vegagerðin leggur til samgönguverkfræðing í verkefnateymi.
2. Vegagerðin leggur til sérþekkingu í útboðsmálum og heldur utan um öll útboðsferli á verkefnistímanum.
3. Vegagerðin leggur til bráðabirgðaaðstöðu fyrir verkefnisteymi í upphaf verkefnisins eða þar til aðstaða hjá SSH verður tilbúin.

6. gr.

Umgjörð

Stjórnskipulag verkefnisins er sett fram í fylgiskjali 4. Helstu starfseiningar eru:

1. Stýrihópur sem eigendur verkefnisins, ríki og sveitarfélög skipa. Stýrihópnum er ætlað að tryggja sterkt eignarhald verkefnisins. Stýrihópur tekur lykil ákvarðanir er varða verkefnið í upphafi og fylgist með framvindu þess.
2. Framkvæmdastjórn verkefnisins skipa framkvæmdastjóri SSH og forstjóri Vegagerðarinnar. Framkvæmdastjórn er ætlað að tryggja farsæla framvindu verkefnisins og leysa mál sem upp koma og snerta ekki lykil ákvarðanir.
3. Verkefnastjóri fer með daglegan rekstur verkefnisins, heldur utan um verkefnateymið og sér um nauðsynlegt upplýsingastreymi til framkvæmdastjórnar og stýrihóps.
4. Verkefnahópur skipaður lykilstarfsmönnum sveitarfélaga og Vegagerðar er verkefnastjóra og verkefnateymi til ráðgjafar við mótun einstakra verkþátta og tilnefnir fulltrúa í tilfallandi starfshópa.

7. gr.

Fyrirvari

Fyrirvari er gerður á framlagi sveitarfélaga (500 millj. kr) er varðar 2. áfanga undirbúnings (verkhönnun útboð) náist ekki samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033. Sjá fylgiskjal 2.

8. gr.

Undirritun og gildistaka

Samningur þessi gildir frá 20.júní 2019 til 31. desember 2020.

Kópavogi 20.júní 2019

F.h SSH

F.h. Vegagerðarinnar

Meðfylgjandi og hluti af samningi þessum:

- | | |
|--------------|---|
| Fylgiskjal 1 | Frumkostnaðaráætlun og verkefnisáætlun fyrra hluta verkefnis. |
| Fylgiskjal 2 | Yfirlitsáætlun þeirra verkefna sem samningurinn nær til. |
| Fylgiskjal 3 | Greiðsluáætlun Vegagerðarinnar og SSH. |
| Fylgiskjal 4 | Stjórnskipulag verkefnisins. |

AFRIT